

# Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 28. september 2022

Mál nr. S-389/2021:

## Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir aðstoðarsaksóknari)

## gegn

Árna Valgarð Stefánssyni

(Svavar Daðason lögmaður)

## Dómur

- 1 Mál þetta, sem var dómtekið 13. september sl., var höfðað með tveimur ákærum Héraðssaksóknara á hendur Árna Valgarð Stefánssyni, kt. [...], [...], [...].
- 2 Mál vegna fyrri ákærunnar var þingfest og dómtekið sem útivistarmál 18. janúar 2022 og dómur kveðinn upp 20. janúar. Þann 15. mars var málið endurupptekið að kröfu ákærða. Síðari ákæran var gefin út 28. apríl og var það mál sameinað máli þessu.
- 3 Fyrri ákæran sem hér er til meðferðar er dagsett 23. september 2021,

„fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa mánudaginn 24. ágúst 2020 á samskiptaforritinu Messenger hótad Y, kt. [...], ofbeldi með orðunum „eitt skal ég segja þér og það er að ég og mínir félagar sem eru nú flestir búnir að sitja í fangelsi fyrir morð og ýmislegt ljótt við vitum hver þú ert og við vitum líka um hestana þína svo þú ættir að hugsa þig aðeins um hvað þú ert að gera gömlum manni“. Hótanirnar viðhafði ákærði vegna kæru Y á hendur vini hans, A, sem leiddi til þess að höfðað var sakamál á hendur A.

Telst þetta varða við 1. mgr. 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

- 4 Seinni ákæran er dagsett 28. apríl 2022

„fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 25. október 2021, að heimili sínu að [...] á [...], hótad lögreglumanni nr. [...] líkamsmeiðingum og lífláti með orðunum „ég skal lemja þig [...]“ og „næst þegar ég sé þig [...] ertu fokking dauður, þú ert fokking dauður“ og að hafa hótad lögreglumönnum [...] og [...] lífláti með orðunum „ef þið farið ekki að verða rólegir þá drep ég ykkur“ en lögreglumennirnir þrír voru við skyldustörf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

- 5 Í báðum ákærum er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.
- 6 Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði bundin skilorði. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa verjanda hans.

## Ákæra dags. 23. september 2021

- 7 Þann 25. ágúst 2020, klukkan 8:50, leitaði Y til lögreglu og tilkynnti hótanir sem hún hafi fengið í skilaboðum á Messenger daginn áður. Hún kvaðst ekki þekkja sendandann en kvað málið tengjast kæru hennar á hendur A vegna kynferðisbrots.
- 8 Um var að ræða eftirfarandi skilaboð frá notendanafninu [...]: „*Drullastu til að taka kærana til baka sem þú ert að fara að ræna gamlan mann sem á varla til hnífs og skeiðar þótt að hann hafi gripið þig á viðkvæmum stað þá held ég að þér verði ekki meint af því enn annars bara gerir þú sem samviskan þín segir og eitthvað sem segir mér að þú sert bara að ná þér í ís í monny en eitt skal ég segja þér og það er að ég og mínir félagar sem eru nú flestir búnir að sitja í fangelsi fyrir morð og ýmislegt ljótt við vitum hver þú ert og við vitum líka um hestana þína svo þú ættir að hugsa þig aðeins um hvað þú ert að gera gömlum manni“*
- 9 Ákærði var yfirheyrður um málið 12. október 2020 og kannaðist við að hafa sent umrædd skilaboð.
- 10 Ákærði kom fyrir dóm og gekkst við því að hafa sent þau skilaboð sem málið lýtur að. Hann krefst sýknu á þeim forsendum að háttsemin sé ekki refsiverð þar sem ekki sé um hótun að ræða. Hann kaus að koma ekki fyrir dóminn við aðalmeðferð til skýrslugjafar.
- 11 Í skýrslu hjá lögreglu 12. október 2020 kvað ákærði vin sinn á [...] hafa sagt honum að kona væri að reyna að hafa af honum fé. Ákærði hafi því beðið konuna um að falla frá kærinni og skýrt henni frá því að staða vinar hans væri mjög aum. Hann hafi sagst vita hver hún væri og líka vinir hans sem hefðu setið inni. Hann hafi passað sig á að hóta engu heldur verið eins nærri gráu svæði og hann komst. Hann kvaðst hafa lesið í blöðunum að vinur hans hefði verið dæmdur fyrir blygðunarsemisbrot og gert að greiða konunni 200.000 krónur. Hann kvaðst ekki hafa í hyggju að hafa frekar samband við konuna og ekkert vita um hana, hann hafi séð myndir af hestum á Facebook síðu hennar.
- 12 Vitnið Y kvaðst hafa kært mann fyrir kynferðislega áreitni. Hún hafi svo fengið þessi skilaboð og tengt þau við kærana. Hún hafi ekkert þekkt til ákærða. Hún hafi orðið mjög hrædd og fengið kvíðakast þegar hún fékk skilaboðin og tilkynnt þau til lögreglu. Hún hafi upplifað þetta sem hótun og að ætlunin hafi verið sú að hafa áhrif á framburð hennar. Hún hafi íhugað að breyta framburði sínum í kynferðisbrotamálinu. Aðspurð um hverju maðurinn hefði hótad henni kvað hún hann hafa sagst vita hver hún væri og að hann ætti vini sem hefðu setið inni fyrir ýmislegt sem þeir gætu gert henni líka. Það standi ekki beinlínis að hann ætli að beita hana ofbeldi en hann gefi það sterklega í skyn.
- 13 Vitnið B kvaðst hafa verið kærasti Y á þessum tíma. Hún hafi kallað á hann og hann hlaupið til hennar. Hún hafi rétt honum símann, verið í kvíðakasti, skjálfandi, átt erfitt með öndun og varla getað talað. Hann hafi lesið skilaboðin. Skilaboðin hafi tengst kæru hennar vegna kynferðislegrar áreitni. Sendandinn hafi verið að senda þetta fyrir hönd þess kærða. Y hafi litið á þetta sem hótun.

*Niðurstaða*

- 14 Ákærða er gefið að sök brot gegn valdstjórninni með því að hafa hótad Y ofbeldi með þeim orðum sem rakin eru í ákæru. Er brot hans heimfært til 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt ákvæðinu skal sá sem beitir annan mann eða vandamenn hans eða aðra honum tengda líkamlegu ofbeldi, ólögumætri nauðung eða hótun samkvæmt 233. gr. laganna vegna skýrslugjafar hans hjá lögreglu eða fyrir dómi sæta fangelsi í allt að 6 árum eða sektum ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi. Í 233. gr. almennra hegningarlaga er lögð refsing við því að hafa í frammi hótun um að fremja refsiverðan verknað sé hótunin til þess fallin að vekja hjá öðrum manni ótta um líf, heilbrigði eða velferð sína eða annarra.
- 15 Ákærði hefur viðurkennt að hafa sent umrædd skilaboð í tengslum við kæru Y á hendur vini hans, en krefst sýknu á þeim grundvelli að ekki hafi falist hótun í skilaboðunum.
- 16 Fyrir liggur að þegar ákærði sendi skilaboðin hafði stúlkan kært mann fyrir kynferðislega áreitni. Dómsmál vegna þess athæfis var þingfest 25. ágúst 2020. Ákærði sendi henni umrædd skilaboð 24. ágúst, daginn fyrir þingfestingu málsins, og tengdi hún þau skilaboðin strax við það mál. Hún kvaðst hafa upplifað skilaboð ákærða sem hótun og orðið mjög hrædd. Fær sá framburður stoð í framburði vitnisins B. Þá er það augljóslega til þess fallið að valda kæranda í kynferðisbroti ótta að fá slík skilaboð, auk þess sem stúlkan var 19 ára en ákærði er maður á miðjum aldri. Ekki er beint tilgreint í skilaboðunum hvað ákærði hafi í hyggju að hann og/eða vinir hans myndu gera henni en tekið fram að meðal þeirra séu menn sem hafi setið inni fyrir morð og ýmislegt ljótt, þeir viti hver hún sé og viti um hestana hennar. Að mati dómsins er augljóst að ætlunin var að hræða stúlkuna og hafa áhrif á framburð hennar í sakamáli. Að framangreindu virtu er það álit dómsins að í skilaboðunum hafi falist hótun í skilningi 233. gr. almennra hegningarlaga. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í þessari ákæru og er þar rétt heimfærð til refsíákvæðis.

#### **Ákæra dags. 28. apríl 2022**

- 17 Ákærði hefur skýlaust játað sök samkvæmt þessari ákæru sem lýtur að hótunum um líflát og líkamsmeiðingar í garð tveggja lögreglumanna. Með vísan játningar ákærða sem fær stoð í gögnum málsins verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærunni og varðar hún við þar tilgreint ákvæði.

#### **Ákvörðun refsingar**

- 18 Þann 13. október 2017 var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir líkamsárás. Refsing var ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í tvö ár frá dómsuppsögu. Landsréttur staðfesti ákvörðun refsingar með dómi þann 14. desember 2018. Miðaðist upphaf skilorðstíma samkvæmt því við uppsögu héraðsdómsins og hafði ákærði því staðist skilorð þegar hann framdi þau brot sem hann er nú sakfelldur fyrir. Fyrri dómur hefur því ekki ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú, sbr. 61. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 19 Ákærði er nú sakfelldur fyrir tvö brot gegn valdsstjórninni og í öðru tilvikinu var um að ræða tilraun til að hafa áhrif á skýrslugjöf í sakamáli. Auk hagsmuna þolenda hótananna er einnig um að ræða mikilvæga opinbera hagsmuni. Þykir refsing ákærða hæfilega

ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Þar sem um er að ræða tvö brot og ákærði hefur áður hlotið dóm fyrir ofbeldisbrot þykir ekki unnt að binda refsinguna skilorði.

- 20 Með vísan til úrslita málsins og 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 verður ákærða gert að greiða sakarkostnað sem er ekki annar en málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans sem þykja hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### **D Ó M S O R Ð :**

Ákærði, Árni Valgarð Stefánsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.e. 558.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Svavars Daðasonar lögmanns.